

Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu

Fundur í stjórn Byggðasamlags um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu var haldinn í fundarsal Hnúkabyggð 33, Blönduósi, mánudaginn 2. nóv.2020, og hófst kl: 16:00-

Mætt voru: Sigurgeir Þór Jónasson, (Blb.), Sverrir Þór Sverrisson (Hvhr.), Anna Margret Sigurðardóttir (Blb), Ingvar Sigurðsson, slökkviliðsstjóri brunavarna A-Hún., og Valdimar O. Hermannsson, sveitarstjóri Blönduósbæjar, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Einnig sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi með málfrelsi og tillögurétt: Einar K. Jónsson, Sveitarstjóri Húnavatnshrepps.

Fundargerð:

Valdimar setti fund, kl 16:06-, bauð fundarmenn velkomna og útskýrði ástæður fyrir óvenjulöngu hléi frá síðasta fundi og bar upp lögmati fundarboðs, án athugasemda.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar, frá 12/05., var lögð fram til undirritunnar en fundargerðin hafði áður verið send stjórnarmönnum, í tölvupósti, án athugasemda.

2. Breytingar á stjórn Brunavarna A-Hún.

Valdimar kynnti að sveitarstjórn Blönduósbæjar hefði á fundi sínum í október 2020 tilnefnt Sigurgeir Þór Jónasson sem aðalmann í stjórn Brunavarna A-Hún., en frá sama tíma mun Guðmundur Haukur Jakobsson láta af stjórnarsetu. Tillaga kom fram um að Sigurgeir Þór myndi verða formaður stjórnar, og var sú tillaga borin upp og samþykkt með 3 atkvæðum samhljóða. Að því loknu tók Sigurgeir Þór við stjórn fundarins.

3. Kaupsamningur v/sölu á Norðurlandsvegi 2.

Valdimar fór yfir innihald á fyrirliggjandi kaupsamningi um sölu á hlut Brunavarna í Norðurlandsvegi 2, en efni hans hafði áður verið kynnt stjórnarmönnum símlíðis og þeir samþykkt undirritun hans 11. september 2020., og var eignin afhent nýjum eigendum þann 15. september s.l.. Að lokinni kynningu þá var kaupsamningur um sölu borinn upp og samþykktur formlega með 3 atkvæðum samhljóða.

4. Fyrirhugaðar breytingar á Efstubraut 2.

Ingvar Sigurðsson slökkviliðsstjóri, kynnti 5 teikningar og myndir af fyrirhuguðum breytingum og innra skipulagi slökkvistöðvar, meðal annars aðstöðu fyrir liðsmenn. Fyrirspurn kom m.a. um staðsetningu votrymis, á efri hæð aðstöðu og einnig varð umræða um hlutverk annara rýma, en Ingvar útskýrði hvert hlutverk þeirra væri. Framhaldi framkvæmda og kostnaðaráætlun verkefnisins var vísað til næsta stjórnarfundar og vinnu við fjárhagsáætlun fyrir 2021. Samþykkt var að í forgangi væri að setja upp 3 nýjar innkeyrsluhurðir, sem þegar hafa verið keyptar, setja upp salerni og aðra aðstöðu fyrir slökkviliðið. *Teikningar verða rýndar frekar af stjórn.*

5. Erindi frá Húnavatnshreppi frá 11. júní 2020

Erindi frá Húnavatnshreppi í tveimur liðum er varðar athugasemdir/ábendingar við framsetningu ársreiknings Brunavarna A-Hún., fyrir árið 2019. **5.1.** Verði vísað til endurskoðenda fyrir gerð næsta ársreiknings. **5.2.** Sendur verður samanburður á rekstrarreikningi 2018 og 2019, eða leiðbeiningar um hvar hann er að finna.

6. Erindi frá Samgöngusafninu í Stóragerði.

Erindi frá Samgöngusafninu í Stóragerði, dagsett 22. september 2020, er varðar varðveislu og geymslu á „Slökkvibifreið á safni“ en þar er lagt til að nýtt árgjald verði kr 85 þ.kr., til þess að mæta meðal annars leigu fyrir aðstöðu, tryggingum og

Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu

viðhaldi á gamalli Slökkvibifreið Brunavarna A-Hún., sem nú er veglegur safngripur. Stjórn samþykkir tillögu að nýju árgjaldi til næstu 3ja ára, en verði þá endurskoðað.

7. Skýrsla slökkviliðsstjóra A-Hún., um stöður mála.

Ingvar Sigurðsson fór yfir helstu atriði í yfirgripsmikilli skýrslu slökkviliðsstjóra, um stöður mála í starfsemi slökkviliðsins á undanförunum mánuðum, og það helsta sem væri framundan. Skýrslan er send stjórn með fundargerð sem viðauki við 7. lið.

8. Önnur mál

- Rætt var meðal annars um mögulega aukið samstarf slökkviliða á svæðinu.
- Næsti fundur stjórnar verður boðaður fljótlega m.a. vegna fjárhagsáætlunar og áframhaldandi vinnu við framkvæmdir í nýrri slökkvistöð Brunavarna A-Hún.

Fundi slitið kl 17:50-

Sigurgeir Þór Jónasson,

Sverrir Þór Sverrisson,

Anna Margret Sigurðardóttir,

Ingvar Sigurðsson,

Einar K Jónsson

Valdimar O Hermannsson